

Fundargerð hreppsnefndar 21. janúar 2016

Fundur nr. 34 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 21. janúar 2016 í Safnaðarheimili Vopnafjarðarkirkju kl. 16:00.

Mætt til fundar: Stefán Grímur Rafnsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Steingrímur R. Árnason, Bárður Jónasson, Magnús Þór Róbertsson og Sigurjón H. Hauksson.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

a. Fræðslunefndar dags. 15. desember 2015

Fram fór umræða um sumarlokun leikskólans. Fundargerðin síðan samhljóða samþykkt.

b. Nefndar um uppbyggingu íþróttamannvirkja dags. 8. janúar 2016

Sveitarstjóri gerði nánar grein fyrir málinu. Lagt fram til kynningar.

c. Starfshóps um málefni heimasíðu dags. 11. janúar 2016

Sveitarstjóri kynnti málið. Lagt fram til kynningar.

d. Hafnarnefndar dags. 12. janúar 2016

Sveitarstjóri gerði nánar grein fyrir stöðu mála og svaraði framkomnum fyrirspurnum. Fundargerðin samhljóða samþykkt.

e. Framkvæmdastjórnar Skólaskrifstofu Austurlands dags. 22. og 30. desember 2015 og 12. janúar 2016

Lagt fram til kynningar.

2. Almenn mál:

a. Finnafjarðarverkefnið

Oddviti og sveitarstjóri gerðu nánar grein fyrir málinu, í framhaldi fór fram umræða en síðan var eftirfarandi bókað:

Bókun sveitarstjórnar Vopnafjarðar:

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps lýsir yfir vilja sínum til að halda áfram vinnu við hið svokallaða Finnafjarðarverkefni. Verkefnið hefur það að markmiði að byggð verði upp stórskipa- og umskipunarhöfn í Finnafirði. Sveitarstjórn telur að verði verkefnið að veruleika sé líklegt að það muni styrkja byggð og mannlíf á Norð-Austurlandi. Þessari afstöðu sveitarstjórnar mun sveitarstjóri koma á framfæri við alla samstarfsaðila verkefnisins.

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps er meðvituð um þá miklu ábyrgð sem í því felst, fyrir sveitarfélag eins og Vopnafjörð, að vera þátttakandi í jafn umfangsmiklu verkefni og Finnaafjarðarverkefninu. Verkefni af þeirri stærðargráðu að það getur leikið fjárhag sveitarfélagsins afar grátt, ef illa tekst til.

Vegna áframhaldandi vinnu við Finnaafjarðarverkefnið samþykkir sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps að leita til Stefáns Geirs Þórissonar hrl. hjá Forum lögmenn til að fara yfir viljayfirlýsinguna með það að markmiði að meta skuldbindingar sveitarfélagsins og skilgreina þær og eftir atvikum koma með tillöga að nýjum texta. Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps telur mikilvægt að gengið verði þannig frá viljayfirlýsingunni að hinir erlendu aðilar leggja fram áhættufjármagnið, en sveitarfélagið skuldbindi sig einungis til að veita þann stuðning og styrk sem mögulegt er af sveitarfélagsins hálfu. Slíkt fyrirkomulag er mikilvægt fyrir sveitarfélagið í tilviki eins og þessu þar sem ætla má að svo gríðarlegur munur sé á tekjum sveitarfélaganna sem um ræðir og þeim kostnaði sem ætla má að undirbúningur og framkvæmd svo risavaxins verkefnis sem stórskipahöfn í Finnaafirði muni fylgja.

Unnið verði að því að fá fjárframlag frá ríkinu vegna fyrirsjáanlegs kostnaðar sem sveitarfélögin kunna að verða fyrir vegna verkefnisins. Óskað verður eftir fundi með viðkomandi ráðherrum um málið, auk þess sem rætt verður við þingmenn kjördæmisins.

Í samræmi við samkomulag aðila um Finnaafjarðarverkefnisins frá árinu 2014, þar sem kveðið var á um að sveitarfélögin Vopnafjarðarhreppur og Langanesbyggð skuli vinni náið saman að verkefninu, munu sveitarfélögin gera með sér samning um fyrirsvar og kostnaðarskiptingu. Munu drög að samkomulagi aðila verða lögð fyrir fund sveitarstjórnar til afgreiðslu.

Sveitarstjóra og oddvita Vopnafjarðarhrepps, í samráði við sveitarstjóra og oddvita Langanesbyggðar, er með bókun þessari falið að vinna að ofangreindum atriðum og öðru því sem verkefninu tengist.

Bókunin borin upp og samhljóða samþykkt.

b. Tillaga um sölu á íbúð við Þverholt 9
Tillagan samþykkt með 6 atkvæðum, Sigríður Elva sat hjá.

c. Drög að jafnréttisáætlun Vopnafjarðarhrepps lög fram til kynningar
Sveitarstjóri fór yfir málið sem annars var til kynningar. Áætlunin verður lögð fyrir velferðarnefnd til umsagnar.

3. Bréf til sveitarstjórnar frá:

a. Krabbameinsfélagi Austurlands
Samþykkt samhljóða að vísa til fjárhagsátætlunargerðar 2017.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 17:00.

[Fylgigögn fundar 210116.pdf](#)